

Vinnuhópur um stöðu verkefna vegna hjólaleiða til og frá höfuðborgarsvæðinu.

Bréf dags. 17. febrúar 2022, undirritað af, sviðstjóra Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar óskar eftir því að hafnar verði viðræður um mögulegt samstarf á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) um uppbyggingu á öruggri hjólaleið milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Lagt var til að skipaður yrði vinnuhópur með fulltrúum frá Reykjavíkurborg, SSH, SSS.

Tilnefndir í vinnuhóp af SSH og SSS:

- Jón Kjartan Ágústsson - svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, tilnefndur sem fulltrúi SSH.
- Ingþór Guðmundsson - formaður stjórnar SSS og sveitarstjórnarmaður í Sveitarfélaginu Vogum.

Fulltrúar Reykjavíkurborgar voru eftirtaldir:

- Kristinn Jón Eysteinnsson - verkefnastjóri á skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, fer með umsjón hjólreiðaáætlunar Reykjavíkurborgar.
- Grétar Mar Hreggviðsson - verkefnastjóri á skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, samgönguverkfræðingur

Gestir boðaðir til þátttöku í viðræðum um hjólastíg um Suðurnes voru eftirtaldir:

- Helga Stefánsdóttir – Hafnafjarðarbæ
- Katrín Halldórsdóttir – Vegagerðin
- Valtýr Þórisson – Vegagerðin
- Samúel Torfi Pétursson – Kadeco

Tilgangur starfshóps:

Vinnuhópnum var falið að skoða mögulegt leiðarval, möguleika á samræmdum merkingum, gera tillögu um framtíðarvistun verkefnisins og móta sameiginlega sýn sveitarfélagsmanna á fjármögnun þess. Hugmyndin var að opna á umræðu sem ýtt gæti undir þann drifkraft og þá framvindu sem þarf til framkvæmd þessara verkefna, sem allar falla innan sveitarfélaga SSS, verði að veruleika sem fyrst.

Almennt:

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkurborgar, innifelur aðgerð um að Reykjavíkurborg taki upp samtal við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu (SSH), Suðurlandi, Suðurnesjum (SSS) og Vesturlandi um uppbyggingu lengri hjólaleiða. Er aðgerðin hugsuð sem liður í því að styðja við áframhaldandi uppbyggingu stíga sem liggja að og frá höfuðborgarsvæðinu sem eftt getur hjólreiðamenningu á suðvesturhorni landsins og aukið aðgengi ferðamanna sem vilja ferðast um landið og höfuðborgina á hjóli eða gangandi.


Umræður þessa vinnuhóps snerust alfarið að leið sem liggur milli höfuðborgarsvæðis og Keflavíkurflugvallar. Vinnuhópurinn fundaði 4 sinnum yfir þann tíma sem hann var virkur. Byrjað var á því að finna þær upplýsingar/gögn sem varpað gætu ljósi á heildarmynd um stöðu þessa verkefnis sem tekur yfir nokkur sveitarfélög á Suðurnesjum. Óskað var þá eftir aðkomu fulltrúa frá Vegagerðinni inn

Í hópinn sem gætu gefið upplýsingar um stöðu þessara verkefna og þannig veitt innsýn í stöðu þeirra verkefna og þau áform um að leggja hjólaleið milli höfuðborgarinnar og Keflavíkurflugvallar. Þær upplýsingar gáfu til kynna að búið sé að vinna talsverða vinnu í undirbúningi fyrir gerð þessarar leiðar innan sveitarfélaganna hjá SSS. Leiðin liggur um nokkur sveitarfélög á Suðurnesjum. Enginn hefur yfirumsjón með því að keyra þetta verkefni áfram sem eina heild með það að leiðarljósi að samræma aðgerðir sveitarfélaganna, annar en fulltrúi frá Vegagerðinni og þá hugsanlega samtök ferðapjónustuaðila á Suðurnesjunum.

Mögulegt leiðarval:

Valtýr Þórisson og Katrín Halldórsdóttir frá Vegagerðinni sýndu hópnum yfirlitskyrningu af frumhönnun / forhönnun á stígum sem spanna alla leiðina frá Keflavíkurflugvelli og að Álverinu í Hafnafirði. Öll sveitarfélögin virðast skv. því vera komin með tillögur um legu stíga í gegnum sitt sveitarfélag á þessari leið en misjafnlega langt komin með hönnun á þeim leiðum. Af þessum gögnum og umræðu á þessu stigi virðist sem það skorti aðeins á heildarsýn sveitarfélaganna til útfærslu og gæða leiðarinnar svo sameiginlegur skilningur sé um þá stíga sem skuli byggja upp. Með aðkomu Vegagerðarinnar að uppbyggingu þessara stíga þá fara þeir í gegnum 1. og 2. stig umferðaröryggisrýni þar sem byggt er á leiðbeiningum um gerð hjólastíga. Þannig verður tryggt að samræming eigi sér stað, að því gefnu að forsendur til uppbyggingar þessara stíga séu byggðar á sama grunni.

Forsendur þess leiðarvals sem nú liggur fyrir byggja að mestu á núverandi stígum/slóðum sem ýmist eru gamlir malarvegir, línuvegir eða hliðarvegir. Þessar leiðir liggja sumstaðar um eignarlönd sem getur flækt stöðu sveitarfélaga og tafið fyrir uppbyggingu stíga.




Mynd 1: Yfirlitsmynd frá Vegagerðinni af hjólaleið um Suðurnes milli Voga og Keflavíkur flugvallar

Samræmdar merkingar:

Vinnuhópur ræddi á þessu stigi ekki mikið um samræmdar merkingar á þessari leið og telur það ekki tímabært á þessu stigi þar sem verkefnið er ekki lengra komið. Til eru samræmdar merkingar á höfuðborgarsvæðinu sem unnið var í samvinnu sveitarfélaga innan SSH sem möguleiki væri á að útvíkka enn frekar í þessari vinnu verði vilji til þess (mynd 2). EuroVelo-leið er sjálfstætt og sam-evrópskt merkingakerfi sem notað er á helstu lykil hjólaleiðir í Evrópu. Landssamtök hjólréiðamanna

(LHM) hafa áður skoðað að fá slíka merkingu á hjólaleið hér á Íslandi. Sú leið sem hér er til umfjöllunar og áform eru uppi um yrði þá mjög líklega hluti af slíkri leið þegar hægt verður að uppfylla kröfur um slíkar merkingar á Íslandi. Þá komi það einnig til greina að hannaðar verði sérstakar merkingar fyrir þessa leið sem hafa sérstaka tengingu við þá sögu sem svæðið hefur að færa ferðamönnum á leið sinni um sérstæða náttúru svæðisins, GEOPARK.



Mynd 2: Yfirlitsmynd af samræmdri merkingu lykil hjólastíga á höfuðborgarsvæðið

Framtíðarvistun verkefnisins og sameiginleg sýn á fjármögnun þess:

Verkefnið um uppbyggingu hjólaleiða á Suðurnesjum er nú þegar á borði hvers sveitarfélags án þess að yfir því sé verkefnastjórn sem leiði þá uppbyggingu áfram sem eina heild þvert á sveitarfélög. Áfangastofa Reykjaness eða (www.visitreykjaness.is) hefur haft þessa uppbyggingu stíga og aðra til umfjöllunar hjá sér, m.a. til þess að byggja upp sem ferðamannaleið sem fjölgað getur möguleikum ferðamanna á að ferðast um svæðið og dvelja við perlur Suðurnesja.

Í ályktun sem lögð var fram af svæðisskipulagsnefndum höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja, föstudaginn 12. maí 2023, er lögð áhersla á ríkisstjórn að beita sér fyrir eftirfarandi:

“Skipulagt verði heildstætt göngustíga- og hjólanet um svæðin, sem tengi saman helstu atvinnu, íbúða, þjónustu- og útivistarsvæði. Lokið verði við að leggja og merkja öruggar hjólaleiðir milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins.”

Vegagerðinni er heimilt skv. Vegalögum 80/2007 að fjármagna þessa stíga.

27. gr. Hjólreiða- og göngustígar.

Í samgönguáætlun er heimilt að veita fé til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög.

Fulltrúar frá Vegagerðinni komu því skýrt á framfæri við vinnhópinn að Vegagerðin greiðir að lágmarki 50% hlut af slíkum framkvæmdum og jafnvel meira í sumum tilvikum. Hvert sveitarfélag þarf að hafa

frumkvæði að því að því að sækjast eftir þátttöku Vegagerðarinnar til fjármögnunar á uppbyggingu þessara stíga.

Bent er á að fordæmi eru fyrir því að Umhverfisstofnun sem ábyrgðaraðili friðlýstra svæða á Íslandi leggi til fjármagn á móti við lagningu stíga, t.a.m. í friðlandi milli Stapa og Hellna. Með þeim rökum að um ferðamannaleiðir og áfangastaði ferðamanna væri að ræða gæti verið möguleiki á að sækja um styrk til uppbyggingar ferðamannaleiða úr þeim sjóði ef aðrar forsendur í þessu verkefni geta þar einnig átt við.

Í lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr.75/2011 segir eftirfarandi:

1. gr. Markmið og hlutverk.

[Markmið laga þessara er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt og styðja með því við þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar stoðar í íslensku atvinnulífi. Það er jafnframt markmið laga þessara að stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun.

Þá er sjóðnum einnig heimilt að fjármagna undirbúnings- og hönnunarvinnu sem nauðsynleg er vegna framkvæmdanna.

Vinnuhópurinn fékk kynningu á verkefni sem kallast “K64” frá ráðgjafafyrirtækinu Kadeco sem vinnur að þróunarverkefni fyrir Keflavíkurflugvöll. Kadeco vinnur nýja þróunaráætlun fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar sem miðar að því að nýta styrkleika flugvallarins og þau miklu tækifæri sem er að finna á Reykjanesinu sem drifkraft efnahagslegrar fjárfestingar, atvinnusköpunar og almennra lífsgæða á svæðinu og fyrir samfélagið í heild. www.kadeco.is

Ráðgjafar Kadeco sýndu uppbyggingu hjólastíga um Reykjanes áhuga og eru tilbúnir til þess að koma að samræmingu og aðstoða við að skipuleggja verkefnastjórn við uppbyggingu hjólaleiðar um Reykjanesið í heild með heildarhagsmuni allra sveitarfélaganna að leiðarljósi. Í kjölfar starfslok þessa vinnuhóps hefur Kadeco boðið það að hefja viðræður með hlutaðeigandi aðilum hjá SSH og SSS auk Vegagerðarinnar til þess að ræða frekari áhuga til samvinnu á þessum forsendum. Slík samvinna gæti leitt til að stofnaður yrði nýr vinnuhópur sem tæki svo við keflinu.

Fyrir hönd hópsins

Kristinn Jón Eysteinnsson

Hjálagt:

Bréf Reykjavíkurborgar til SSH og SSS um ósk um að stofna vinnuhóp dags. 17. febrúar 2022.

Hjólaleið um Reykjanes – samantekt Vegagerðarinnar.

Samræmdar merkingar um Höfuðborgarsvæðið. [Litaðar lykilleiðir í hjólakerfinu | Reykjavík](#)



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogi

Uppbygging hjólaleiðar milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

Í Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2021 – 2025, sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkurborgar síðasta sumar, er að finna aðgerðina: „Reykjavík taki upp samtal við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi um uppbyggingu lengri hjólaleiða.“

Reykjavíkurborg óskar því eftir að hefja viðræður um mögulegt samstarf á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um uppbyggingu á öruggri hjólaleið milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er lagt til að skipaður verði sameiginlegur vinnuhópur með fulltrúum frá Reykjavíkurborg, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem verði falið að kortleggja verkefnið. Vinnuhópnum verði m.a. falið að skoða mögulegt leiðarval, möguleika á samræmdum merkingum, gera tillögu um framtíðarvistun verkefnisins og móta sameiginlega sýn sveitarfélaganna á fjármögnun þess.

Hugmyndir um uppbyggingu hjólaleiðar milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar eiga sér nokkra sögu og á undanförunum árum hefur verið fjallað um hugmyndir að uppbyggingu slíkrar leiðar í ýmsum rannsóknarverkefnum, m.a.:

- *Hjólaleiðir á Íslandi*, rannsóknarverkefni Eflu verkfræðistofu, 2013.
- *Hjólástígur frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar til Reykjavíkur* eftir Eirík Ástvald Magnússon, 2014.
- *Staða hjólreiða á landsvísu, aðferðarfræði og ávinningur stefnumótunar*, skýrsla Eflu verkfræðistofu, 2015.
- *Tenging hjólanets höfuðborgarsvæðisins við umliggjandi þjóðveggi*, rannsóknarverkefni Mannvits, 2017.

Þessi verkefni ásamt fleirum yrðu höfð til hliðsjónar við störf hópsins.

Reykjavíkurborg óskar eftir viðbrögðum ykkar við ofangreindu og að tilnefndur verði fulltrúi af ykkar hálfu, til að halda áfram viðræðum við borgina næstu skref verkefnisins.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Reykjavíkurborgar

Ólöf Órvarsdóttir
sviðsstjóri

Samrit: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.


Hjólastígur frá Reykjanesbæ til Reykjavíkur:

Reiðhjólatenging alþjóðaflugvallar við Ísland


Júní 2013




MANNVIT



Mynd 13: Ákjósanleg leið frá Reykjanesbæ að Reykjavík

















NR.	DAGS.	BREYTING.	AF

 SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR	TÆKNIPJÓNUSTA SÁ ehf HAFNARGAÐI 60 230 KEFLAVÍK S: 421-9103	
	Hannað DHA Yfirteikning DHA	teiknað DHA dags 10.09.2022


Hjóla- og göngustígur Yfirteikning skráð 0 - 800 m <small>Skiptingur Áskjalavíkur nr. 18181-2020 MRF</small>	Yfirlit SÁ	1:1000, 1:100, 1:50 nr. 101
--	---------------	--------------------------------



NR.	DAGS.	BREYTING.	AF

 <p>SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR</p>	<p>TÆKNIPJÓNUSTA SÁ ehf</p> <p>HAFNARGATA 60 230 KEFLAVÍK S: 421-9105</p>	
	<p>hannað DHA</p> <p>teiknað DHA</p>	<p>Yfirlit mynd stöð 800 - 1450 m</p> <p>dags 10.09.2022</p>

<p>Yfirlit mynd stöð 800 - 1450 m</p> <p>SGR/REUR ASG/HAUSSON KT: 161161-2020 MTRF</p>	<p>hannað DHA</p> <p>teiknað DHA</p> <p>Yfirlit mynd stöð 800 - 1450 m</p> <p>dags 10.09.2022</p>	<p>skv. 1:1000, 1:100, 1:50</p> <p>nr. 101</p>
--	---	--



NR.	DAGS.	BREYTING.	MF

 SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR	TÆKNIÞJÓNUSTA SÁ ehf <small>HAFNARGATA 60 230 KEFLAVÍK SÍ: 421-5103</small>	
	hannað	teiknað

Hjóla- og göngustígur	DHA	DHA
Yfirleitamynd stöð 1450 - 2000 m	ylirtaríð	dags
SEÐUR ALGAMTÖSKN BY: 18181-2020 MPM	SÁ	20.09.2022
skv.	1:1000, 1:100, 1:50	ff. 101



NR.	DAGS.	BREYTING.	MF

 SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR	TÆKNIÞJÓNUSTA SÁ ehf HAFNARGATA 60 230 KEFLAVÍK Sí: 421-9109	
	hannað	teiknað
	DHA	DHA
	Hjóla- og göngustígur Yfirleimynd stöð 2000 - 2550 m SÁ <small>SKOÐUNAR ÁGÆTISGRÖNN ET: 18181-2929 4/11/11</small>	yfirfarir SÁ Mikv. 1:1000, 1:100, 1:50



NR.	DAGS.	BREYTING.	MF



SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR


TÆKNIPJÓNUSTA SÁ ehf
 HAFNARGATA 60
 230 KEPLAVÍK
 S: 421-9105

Hjúla- og göngustigur
 Yfirlimynd stöð 2550 - 2921 m
 SOUVEUR ALDHAARSON ET: 16181-2020 MYR

hamn	DHA	teikn	DHA
Yfirant	SÁ	dags	10.09.2022

skv.	1:1000, 1:100, 1:50	cc	101







Kirkjuvík

Njarðvík

NJARÐVÍK

Reykjanesbær

Ytriðskor

Njarðvíkurfljót

Kópa

Ásar

(44-021)

02







LYKILLEIÐIR HJÓLREIÐA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

MERKINGAR OG VEGVÍSUN

SVEITARFÉLÖG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

LEIÐBEININGAR

APRÍL 2016

Efnisyfirlit

1. Almennt um vegvísun fyrir hjólreiðar	1
1.1 Inngangur.....	1
1.2 Bakgrunnur	1
1.3 Forsendur.....	1
1.4 Þörf á vegvísun	2
2. Lykilleiðir og merkingar	2
2.1 Almennt	2
2.2 Vegvísun á lykilleiðum	2
2.3 Vegvísun að og frá lykilleiðum.....	2
2.4 Áfangastaðir vegvísunar	3
2.5 EuroVelo merkingar.....	3
3. Gerðir vegvísna og notkun	3
3.1 Almennt	3
3.1.1 Gerðir vegvísna	3
3.1.2 Útfærsla vegvísna.....	4
3.1.3 Staðsetning vegvísna.....	5
3.2 Leiðarmerki.....	6
3.2.1 Notkun / staðsetning	6
3.2.2 Útfærsla / útlit.....	7
3.3 Píluvegvísar.....	8
3.3.1 Notkun / staðsetning	8
3.3.2 Útfærsla / útlit.....	9
3.4 Töfluvegvísar.....	9
3.4.1 Notkun / staðsetning	9
3.4.2 Útfærsla / útlit.....	10
Viðauki A Lykilleiðir á höfuðborgarsvæðinu	A-1
Viðauki B Teikningar	B-1
Leiðarmerki.....	B-1
Píluvegvísar.....	B-2
Töfluvegvísir.....	B-2
Viðauki C Litaval lykilleiða	C-3

1. Almennt um vegvísun fyrir hjólreiðar

1.1 Inngangur

Markmiðið með útgáfu þessara leiðbeininga er að sýna á hvaða hátt skuli merkja ákveðið kerfi lykilleiða hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu og samræma útlit þess. Með því kerfi verður miðlun upplýsinga til vegfarenda mun betri, hvort sem er úti á stígnum eða á kortum/vefsíðum.

Leiðbeiningarnar eru unnar af Herði Bjarnasyni hjá verkfræðistofunni Mannvit fyrir öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

1.2 Bakgrunnur

Í upphafi árs 2003 hófst vinna við að útbúa vegvísunarkort sem nýttast átti ferðamönnum og vegfarendum til að rata um stíga Reykjavíkurborgar. Hannaðir og skipulagðir voru svokallaðir áningastaðir með vegvísunarkorti þar sem vegfarendur gætu stoppað og skoðað kortið og slappað af. Við hönnun kortsins var farið að skoða merkingar leiða og hvernig best væri að koma þeim fyrir. Ákveðið var að vinna eftir danskri fyrirmynd og byggja númerakerfi göngu- og hjólastígakerfis upp á sama hátt og númerakerfi íslenska vegakerfisins. Þessu kerfi hefur hins vegar ekki verið haldið við sem skyldi og þá hefur kerfið ekki verið nógu skýrt. Einungis hafa nokkrar leiðir innan Reykjavíkurborgar verið merktar og önnur sveitarfélög innan höfuðborgarsvæðisins ekki tekið upp þetta kerfi. Því var ákveðið að skoða aðrar leiðir.

1.3 Forsendur

Á höfuðborgarsvæðinu hafa sveitarfélögin í lengri tíma skilgreint ákveðnar aðalleiðir eða stofnleiðir fyrir samgönguhjólreiðar sem lögð er sérstök áhersla á að halda opnum allt árið um kring. Merking og vegvísun á hjólaleiðum hefur þó ekki verið áberandi og flókið á sumum leiðum að finna bestu leiðina frá einum stað til annars. Því var stofnaður verkefnahópur með fulltrúum frá hverju sveitarfélagi höfuðborgarsvæðisins. Þessi hópur hafði það hlutverk að finna sameiginlega lausn á samræmdu leiðarkerfi lykilleiða hjólreiða á grundvelli tillagna sem settar voru fram í hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2015-2020 að undangengnu samráði við öll sveitarfélögin. Verkefni hópsins voru m.a.:

1. Ákveða val á litamerktum lykilleiðum hjólaleiða á öllu höfuðborgarsvæðinu og útfæra endanlega í fullu samráði allra sveitarfélaga.
2. Vinna fullmótaðar tillögur um hvernig vegvísunarskilti eiga að líta út og hvaða texti og merkingar eiga að vera á þeim þannig að þau verði sem mest upplýsandi fyrir notendur leiðanna.
3. Gera greiningu á lágmarkspörf fyrir vegvísunarskilti þannig að leiðarkerfið verði skilvirkt og koma með tillögur að staðsetningum skilta.

Mikilvægt er að það liggi fyrir áætlun með fyrirfram ákveðnum leiðum til að vegvísun fyrir hjólreiðar virki sem skyldi. Á höfuðborgarsvæðinu getur ein leið legið milli tveggja eða fleiri sveitarfélaga eða veghaldara og því mikilvægt að tryggja samstarf þeirra svo fullnægjandi og samræmd vegvísun sé til staðar alla leið.

Merking lykilleiða innifelur í sér auðkenningu á þeim, t.d. nafn áfangastaðar eða litakóða. Einnig er mikilvægt að merkja aðrar mikilvægar leiðir á sambærilegan hátt en án litakóða til upplýsinga fyrir vegfarendur.

1.4 Þörf á vegvísun

Þörf á vegvísun má m.a. ákveða út frá eftirfarandi atriðum:

- Umferð
- Umferðaröryggi
- Hversu auðveldlega má rata
- Afþreyingu í nágrenni leiðarinnar
- Umhverfispáttum

Hafa þarf í huga að vegvísun leiða er annars vegar notuð af þeim sem þekkja hjólanetið og einnig þeim sem ekki þekkja til. Til seinni hópsins tilheyra t.d. erlendir ferðamenn og því mikilvægt að vegvísunin sé þeim skiljanleg og aðgengileg. Það má t.d. gera með uppsetningu korta á mikilvægum áfanga- og áningastöðum í hjólakerfinu.

Vegvísun verður að vera ótvíræð og einföld. Einnig er gott að hafa í huga að vegvísun þarf að henta hjólandi vegfarendum á öllum aldri og með mismunandi reynslu í umferðinni.

2. Lykilleiðir og merkingar

2.1 Almennt

Eins og áður segir er markmiðið með útgáfu þessara leiðbeininga að sýna á hvaða hátt skuli merkja ákveðnar lykilleiðir hjólréiða á höfuðborgarsvæðinu. Er það á ábyrgð hvers sveitarfélags að merkja leiðirnar og setja upp skilti. Í viðauka má finna kort sem sýnir fyrirhugaðar lykilleiðir.

- Venjulega eru notuð **leiðarmerki** eða **píluvegvísar** í vegvísun á lykilleiðum. Einnig eru **töfluvegvísar** notaðir við stærri stígamót. Kafli 3 greinir nánar frá þessum mismunandi gerðum vegvísa og notkun þeirra.
- Eftir sérhverri lykilleið skal nota sömu gerð af vegvísun, þ.e. grænt/hvítt hjólamerki (hvítt þegar litur lykilleiðar er undir) á hvítum grunni með grænum ramma ásamt nafni áfangastaðar, vegalengd og viðeigandi þjónustumerki þar sem það á við. Litur lykilleiðar er settur sem bakgrunnur undir hjólamerkið.


Eru leiðbeiningar þessar t.d. ætlaðar fyrir tæknimenn sveitarfélaga og ráðgjafa þeirra til að samræma vegvísun lykilleiða á höfuðborgarsvæðinu.

2.2 Vegvísun á lykilleiðum

Vegvísunarkerfið samanstendur af merkingum/skiltum sem liggja langsum meðfram lykilleiðum. Það þýðir að merkingarnar eru einungis sýnilegar þeim sem eru að ferðast eftir lykilleiðunum. Þar af leiðir að hjólréiðamaður sem ferðar á ákveðinni lykilleið heldur för sinni áfram eftir stíg ef ekki eru upplýsingar um annað. Við stefnubreytingar á lykilleiðum er slík breyting gefin til kynna með pílu/ör undir leiðarmerki, píluvegvísun eða töfluvegvísun.

2.3 Vegvísun að og frá lykilleiðum

Hægt er að vísa að skilgreindum lykilleiðum frá öðrum stígum hjólréiðakerfisins. Er það gert með brotalínu kringum hjólamerkið og táknar litur brotalínunnar lit lykilleiðarinnar. Hér til hliðar má sjá dæmi um leiðarmerki þar sem vísað er að rauðu



lykilleiðinni, þ.e. ef hjólað er í þessa átt er komið að rauðu lykilleiðinni. Svipaðar merkingar með brotalínunum má einnig nota á píluvegvísunum og töfluvegvísunum.

Á lykilleiðum er einnig hægt að vísa á ýmis konar þjónustu eða áhugaverða áfangastaði í næsta nágrenni leiðanna. Er það venjulega gert með píluvegvísunum en án litar kringum hjólamerkið, sjá dæmi hér til hliðar þar sem 3 km eru í áfangastað.



2.4 Áfangastaðir vegvísunar

Við stærri vegvísanir, t.d. á töfluvegvísunum, getur verið mikilvægt að vísa á tvær gerðir áfangastaða; þá sem eru fjær og þá sem eru nær.

- Áfangastaður fjær getur verið sveitarfélag/bær eða mikilvægur eða þekktur staður í leiðarkerfinu. Einnig staður sem er loka áfangastaður á lykilleið.
- Áfangastaður nær geta verið næsta sveitarfélag/bær í leiðarkerfinu, bæjarhluti eða hverfi, eða staður sem áhugavert og/eða skemmtilegt er að heimsækja.

Almennt ættu að hámarki að vera tveir áfangastaðir sýndir í hverja átt á vegvísunarskilti. Í sumum tilfellum getur þó verið nauðsynlegt að sýna fleiri áfangastaði, t.d. til að tryggja ákveðna samfelldni í leiðarkerfinu eða þegar leiðarkerfið er flókið.

2.5 EuroVelo merkingar

EuroVelo verkefnið er evrópskt samstarfsverkefni sem Evrópsku hjólreiðasamtökin sjá um. Er um að ræða net hjólaleiða um alla Evrópu og er afar vinsælt meðal ferðamanna að nota þessar hjólaleiðir. Ef ætlunin er merkja lykilleiðir sem og aðrar hjólaleiðir innan sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins er hér gert ráð fyrir að merki EuroVelo sé sett á vegvísana. Stærð merkisins verður þá eins og stærð annarra þjónustumerkja.

Hér til hægri má sjá dæmi um píluvegvísi á rauðu lykilleiðinni sem einnig er hluti af EuroVelo leið nr. 1.



3. Gerðir vegvísa og notkun

3.1 Almennt

3.1.1 Gerðir vegvísa

Gert er ráð fyrir þremur gerðum af vegvísunarskiltum fyrir lykilleiðir hjólreiða:

- Leiðarmerki, sjá nánar í kafla 3.2
- Píluvegvísar, sjá nánar í kafla 3.3
- Töfluvegvísar, sjá nánar í kafla 3.4

3.1.2 Útfærsla vegvísa

Vegvísunarskiltin byggja í grunninn á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra (289/1995 og síðari breytingum). Stærð, útfærsla og hönnun skiltanna skal vera skv. dönskum staðli nema annað sé tekið fram. Sjá nánar *Hæfte 4. Vejvisning på cykel-, ride- og vandreruter – Tegningsbilag*.¹

- Á vegvísunum fyrir hjólreiðar er gert ráð fyrir hjólamerki, sjá grænt merki (RGB 0-150-60) hér til hliðar. Hjólamerkið skal vera hvítt þegar litur lykilleiðar er undir.
- Í stað bláa grunnsins með hvíta rammanum í dönsku leiðbeiningum á hér að nota hvítan grunn með grænum ramma (RGB=0,150,60).
- Gert er ráð fyrir að leyfilegt sé að hafa viðeigandi þjónustutákn á vegvísunum.
- Í stað stígnúmers sem sýndir eru í dönsku leiðbeiningunum á hér að nota lit á lykilleið sem bakgrunn undir hjólamerkið þar sem það á við.



Eftirtaldar lykilleiðir á höfuðborgarsvæðinu verða merktar:



Gul leið (RGB=253,196,10): Mosfellsbær C – Reykjavík C



Rauð leið (RGB=224,69,6): Hafnarfjörður C – Garðabær C – Kópavogur C – Rvk. Borgart.



Græn leið (RGB=144,192,57): Reykjavík A – Reykjavík C



Blá leið (RGB=94,189,230): Strandleið



Fjólublá leið (RGB=147,86,157): Hafnarfjörður C – Garðabær A – Kópavogur A – Rvk. Mjódd

Við litaval á lykilleiðum var stuðst við liti úr náttúru höfuðborgarsvæðisins á merktum leiðum. Nánari upplýsingar um litavalið má finna í viðauka.

- Á sumum stöðum í leiðakerfinu er gert ráð fyrir að tvær lykilleiðir liggi eftir sama stígnum. Er hér t.d. um að ræða þegar bláa strandleiðin liggur með öðrum leiðum. Í slíkum tilfellum er gert ráð fyrir að bakgrunni undir hjólamerki verði skipt á þann hátt sem sýndur er hér til hliðar með báðum litum lykilleiða.
- Leturgerð á vegvísunum er *Transport Heavy* sem m.a. íslenska, breska og danska vegagerðin notar á sínum vegvísunarskiltum. Auðveldar sú leturgerð lestur dökkra stafa á hvítum bakgrunni.
- Skv. dönsku leiðbeiningunum eru helstu stafastærðir sem koma til greina 71, 60, 50, 42, 36, 30, 25, 21 og 18 mm. Stafastærðir yfir 42 mm eru aðeins notaðar í undantekningartilfellum, t.d. í stíga- eða gatnamótum þar sem yfirsýn getur verið erfið.
- Að jafnaði er hér mælt með stafastærð 42 mm á pílu- og töfluvegvisum.
- Fjarlægð í áfangastað er gefin sem næsti heili kílómetri.
- Hægt er að nota einn aukastaf ef fjarlægðin er minni en 10 km. Aukastafurinn er tveimur stafastærðum minni en heili kílómetrinn (t.d. ef heili kílómetrinn er með stafastærð 42 mm þá er aukastafurinn 30 mm).



Hjólreiðamaður á að geta séð og lesið af skiltunum í það góðri fjarlægð að hann geti brugðist í tíma við uppgefnum upplýsingum. Þó mega skiltin ekki vera það stór að þau virki of áberandi í umhverfinu né hafa truflandi áhrif á aðra umferð í nágrenni stígsins. Eins og áður segir er hér mælt með stafastærð 42 mm.

¹ <http://vejregler.lovportaler.dk/>


Tafla 1: Reynslutölur frá Danmörku sem sýna samband lestarfjarlægðar og stafastærðar í dagsbirtu.

Stafastærð [mm]	18	21	25	30	36	42	50	60	71
Lestarfjarlægð [m]	8	10	12	16	19	22	26	32	40

- Hvað varðar endurskin, skulu vegvísar á stígum meðfram öðrum vegum venjulega tilheyra flokki 2 (skilti sem eru lýst utan frá, „diffuse reflektion“). Gildir þetta bæði um bakgrunn á töflu sem og texta/merkingar. Er þessi krafa gerð til að valda ekki misskilningi hjá ökumönnum vélknúinna ökutækja.
- Ekki eru gerðar sérstakar kröfur varðandi endurskin á vegvísunum stíga sem liggja utan almenna vegakerfisins.
- Hvað varðar efnisval vegvísa er gert ráð fyrir sama efni og notað er fyrir vegvísa í almenna vegakerfinu, sjá leiðbeiningar á heimasíðu Vegagerðarinnar².
- Allar frágangur á skiltum skal vera á þann hátt að ekki skapist hætta á meiðslum vegfarenda við árekstur eða viðkomu. Forðast skal og verja hvassa kanta og horn skilta á þann hátt að útfærsla þeirra verði sem öruggust.

3.1.3 Staðsetning vegvísa


Vegvísa skal setja á sérstaka staura eða slár. Í undantekningartilfellum má setja vegvísa á aðra staði t.d. annan vegbúnað, staura eða girðingu. Í þeim tilvikum er mikilvægt að hæð í vegvísanna sé heppileg. Forðast ætti að setja hjólavegvísa á sama staur og almenn umferðarskilti (undantekning er umferðarskilti fyrir hjólandi). Einnig þarf að hafa gætur af að hjólavegvísarnir skyggi ekki á önnur skilti.



Mynd 1: Kantur vegvísis skal vera minnst 0,5 m frá götukanti og 0,3 m frá stígakanti.

- Leiðbeiningar varðandi minnstu fjarlægð vegvísis frá vegi/götu og stíg má sjá á mynd hér að ofan.
- Staðsetja ætti hjólavegvísa á þann hátt að þeir eru sem sýnilegastir fyrir hjólreiðamenn og auðvelt að lesa af þeim.
- Huga þarf sérstaklega að öryggissvæði vega en mikilvægt er að nota eingöngu viðurkenndan vegbúnað innan þeirra.
- Þar sem vegvísir getur haft áhrif á sjónlengdir er hámarkshæð vegvísis 0,9 m, mælt frá akbraut.
- Mælt er með fjarlægðin að undirkanti sé mest 1 m í opnu landi, til að skiltin séu í svipaðri hæð hvar sem er á lykilleiðunum.

² <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/umferdarkerki/>



Mynd 2: Leiðbeiningar varðandi hæðartakmarkanir vegvísa.

- Fjarlægðin frá jörðu að undirkanti vegvísa skal vera minnst 0,5 m og mest 2,8 m. Þó er leyfilegt að hafa lágmarkshæð 0,2 m ef yfirborð undir skilti er þannig útfært að ekki myndist hætta á að t.d. gróður eða snjór skyggi á skiltið.
- Hægt er að staðsetja vegvísi yfir hjólastíg en þá er lágmarks hæð undir skilti 2,3 m.
- Vegna snjóruðningstækja getur verið nauðsynlegt að setja vegvísi hærra en þó ekki þannig að hæð undir skilti yfirstígi 2,8 m.
- Tryggja skal að skilti snúi ávallt rétt að hjólandi og ekki sé hægt að snúa skiltunum.


3.2 Leiðarmerki



Mynd 3: Dæmi um leiðarmerki. Á merkjunum er hjólamerki með mögulegum lit lykilleiðar og e.t.v. heiti leiðar eða áfangastaðar. Undirmerki geta sýnt pílu eða upplýsingar varðandi áfangastaði og fjarlægðir.

3.2.1 Notkun / staðsetning

Merkin eru notuð til að merkja leiðir og sett upp þar sem hætta er á misskilningi í leiðarvali. Einnig notuð til að minna vegfarendur á hvaða leið þeir eru. Sem dæmi má nefna að í dönsku leiðbeiningunum er dæmigert að hafa mest 3 km milli leiðarmerkja. Þar sem eru margir hliðarstígar getur verið mikilvægt að hafa fleiri leiðarmerki.



Mynd 4: Til vinstri eru leiðarmerki sett til staðfestingar á leið. Þar mætti einnig hugsa sér eitt leiðarmerki hægra megin til móts við minni stíginn. Til hægri má sjá þegar leið liggur gegnum tvenn stígamót. Þar má merkja með stökum leiðarmerkjum ef x er minna en 50 m og útsýni yfir stígamótin gott.

- Venjulega er leiðarmerki sett hægra megin leiðar. Það fer þó eftir aðstæðum.
- Hægt er nota pílu undir leiðarmerkjum á sér undirskilti.
- Þá er hægt að setja fjarlægðir til helstu staða meðfram leiðarmerki en þess konar upplýsingar eru þá einnig settar á sérstakt undirskilti.
- Að hámarki eru settir tveir áfangastaðir á slík undirmerki með lengri fjarlægð efst og styttri fjarlægð neðst.
- Ef notuð eru tvenn undirmerki, annars vegar með fjarlægðum og hins vegar píla, skal pílan vera neðst.
- Leyfilegt er að framleiða undirskiltin á sömu plötu og aðalskiltin en verða þó sjónrænt að líta út sem sérstakt skilti.
- Í stærri og flóknari stígamótum geta píluvegvísar eða töfluvegvísar verið hentugri.

3.2.2 Útfærsla / útlit

- Leiðarmerkin eru venjulega ferningslaga með hliðarlengdir 200, 300 eða 500 mm og stafastærðir 18, 21 eða 30 mm.
- Venjulega er hliðarlengdin 300 mm nægilega stór fyrir hjólaleiðir.
- Í bæjarumhverfi/ þéttbýli og öðrum stöðum með lágum hraða geta 200 mm stór leiðarmerki dugað.
- Undirmerki hafa venjulega sömu breidd og leiðarmerkin.
- Leiðarmerkin má útfæra á þann hátt að merking er á báðum hliðum skiltis sem getur verið hentugt í mörgum tilfellum.
- Leiðarmerki með hliðarlengdir 200 mm má að jafnaði setja á staka staura en stærri merki er að betra að setja á sérstaka skiltastæðu.
- Frekari upplýsingar hvað varðar samband stafastærðar og stærð skilta má finna í dönsku leiðbeiningunum, *Hæfte 4. Vejvisning på cykel-, ride- og vandreruter – Tegningsbilag*.³

³ <http://vejregler.lovportaler.dk/>


3.3 Píluvegvisar



Mynd 5: Dæmi um píluvegvísa. Hér má sjá ýmsar útfærslur, t.d. hjólamerki með lit lykilleiðar, EuroVelo merkið, þjónustumerki og brotna línu kringum hjólamerki.

3.3.1 Notkun / staðsetning

Notaðir í stígamótum, þar sem stefnubreyting leiðar á sér stað og þar sem þörf er á að gefa upp áfangastað.



Mynd 6: Uppsetning píluvegvísa þar sem lykilleið liggur gegnum tvenn stígamót og fjarlægðin milli þeirra er meiri 50 m. Sömu upplýsingar geta verið á báðum hliðum þeirra skilta sem merkt eru með stjörnu.


- Letra skal staðarheiti, lit stígar þar sem við á og fjarlægð í km með einum aukastaf á merkið eftir því sem ástæða þykir til.
- Á hverjum píluvegvísi er sá staður sem er fjarlægastur efstur.
- Gert er ráð fyrir að hægt sé að nota þjónustumerki í píluvegvisum meðfram almennri vegvísun.
- Þjónustumerki þó skal öllu jafna einungis nota þegar aðrar upplýsingar á vegvísunum gefa ekki nægilegar upplýsingar.
- Hægt er að nota píluvegvísa til að vísa að öðrum lykilleiðum, þá með litaðri brotalínu kringum hjólamerkið, sjá kafla 2.3.

- Á lykilleiðum má einnig nota píluvegvísa til að vísa á ýmis konar þjónustu eða áhugaverða áfangastaði í næsta nágrenni leiðanna, sjá kafla 2.3.

3.3.2 Útfærsla / útlit

- Stærð píluvegvísa fer eftir hvaða stafastærð er valin. Hér er mælt með stafastærð 42 mm og breidd vegvísanna þar af leiðandi 100 mm. Lengd píluvegvísa fer eftir þeim upplýsingum sem koma fram.
- Frekari upplýsingar hvað varðar samband stafastærðar og stærð skilta má finna í dönsku leiðbeiningunum, *Hæfte 4. Vejvisning på cykel-, ride- og vandreruter – Tegningsbilag*.⁴
- Á píluvegvisum getur í sumum tilfellum verið nauðsynlegt að minnka stafastærðir ef um er að ræða áfangastað með langt heiti.
- Píluvegvisar sem vísa í sömu átt skulu vera ofan á hver öðrum og vera jafn langir.

3.4 Töfluvegvisar



Mynd 7: Dæmi um töfluvegvisi. Hér má sjá hvernig rauð lykilleið er áfram meðan græna lykilleiðin er til vinstri. Til hægri er önnur hjólaeið sem ekki er litamerkt. Hægt væri að bæta við EuroVelo merki, þjónustumerki eða brottinni línu kringum hjólamerki til að beina hjóltreidamönnum að ákveðinni lykilleið.

3.4.1 Notkun / staðsetning

Notaðir á hjólaeiðum í stígamótum þar sem píluvegvisar ná ekki að segja söguna nægilega vel. Einnig er hentugt að nota töfluvegvísa þar sem tvær eða fleiri litaðar lykilleiðir mætast. Töfluvegvisar eru settir rétt áður en komið er að stígamótum, nákvæm staðsetning fer eftir aðstæðum.



Mynd 8: Dæmi um uppsetningu töfluvegvísa þar sem tvær lykilleiðir koma saman við stígamót. Nær stígamótunum væri einnig hægt að setja píluvegvísa til frekari útskýringa.

⁴ <http://vejregler.lovportaler.dk/>


- Letra skal staðarheiti, lit stígar þar sem við á og fjarlægð í km með einum aukastaf á merkið eftir því sem ástæða þykir til.
- Vísun beint áfram komi efst, því næst vísun til vinstri og neðst vísun til hægri.
- Innan hvernar stefnu er sá staður sem er fjarlægastur efstur og svo koll af kolli.

3.4.2 Útfærsla / útlit

- Stærð píluvegvísa fer eftir hvaða stafastærð er valin. Hér er mælt með stafastærð 42 mm en það fer þó eftir aðstæðum. Lengd töfluvegvísa fer eftir þeim upplýsingum sem koma fram.
- Frekari upplýsingar hvað varðar samband stafastærðar og stærð skilta má finna í dönsku leiðbeiningunum, *Hæfte 4. Vejvisning på cykel-, ride- og vandreruter – Tegningsbilag*.⁵

⁵ <http://vejregler.lovportaler.dk/>

Viðauki A Lykilleiðir á höfuðborgarsvæðinu




Lykilleiðir hjólréiða á höfuðborgarsvæðinu



MANNVIT

- Mostellsbær C – Reykjavík C
- Hafnarfjörður C – Garðabær C – Kópavogur C – Rvk. Borgartún
- Reykjavík A – Reykjavík C
- Strandleið
- Hafnarfjörður C – Garðabær C – Kópavogur A – Rvk. Mjódd
- Ýmsar tengileiðir

Heimildir: LUKR, IS50v
Dags: Apríl 2016



Seltjarnnesbær

Reykjavíkurborg

Mostellsbær
Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg
Kópavogsbær

Kópavogsbær
Garðabær


Hafnarfjörðarbær
Garðabær

Viðauki B Teikningar

Hér á eftir eru nokkrar teikningar sem sýna leiðarmerki, píluvegvísa og töfluvegvísi. Um er að ræða frávík frá dönsku leiðbeiningunum, *Hæfte 4. Vejvisning på cykel-, ride- og vandreruter – Tegningsbilag*,⁶ sem skal almennt nota þegar hanna skal hjólavegvísa og skoða samband stafastærðar og stærð skilta. Öll mál eru í mm.

Leiðarmerki

Til vinstri er merki sem 300x200 mm. Til hægri er merki sem er 300x300. Aðrar stærðir á leiðarmerkjum skulu skalaðar skv. dönsku leiðbeiningunum.




H3	Hc	H1	B2	Bc	H2	EV	H4
25	118	27	34	202	25	88	14

⁶ <http://vejregler.lovportaler.dk/>

Píluvegvísar


Báðir vegvísar hér að neðan eru með heildarbreidd 100 mm og stafastærð 42 mm. Aðrar stærðir á píluvegvísnum skulu skalaðar skv. dönsku leiðbeiningunum.



K	Hc	Bc	BS	EV	B1
9	64	110	82	64	24

Töfluvegvísir

Töfluvegvísirinn hér að neðan er með stafastærð 42 mm. Aðrar stærðir á töfluvegvísnum skulu skalaðar skv. dönsku leiðbeiningunum.



Hc	B1	Bc
79	24	136

Viðauki C Litaval lykilleiða

hype

— MARKAÐSSTOFA —

Verk LITIR | LEIÐIR

Netfang HYPE@HYPE.IS

Stofa HYPE MARKAÐSSTOFA

Sími +354 571 6500

Tengiliður HÖRÐUR BJARNASON

LITAVAL

Hjólreiðakerfi sveitarfélaganna


Við litaval fyrir hjólreiðakerfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var stuðst við liti úr náttúru höfuðborgarsvæðisins á þeim leiðum sem merktar verða.

Litirnir eru mýkri en þeir litir sem valdir voru upphaflega og falla vel í kortið.


hype

— MARKAÐSSTOFA —








HEX= 5ebde6 RGB= 94,189,230





HEX= 93569d RGB= 147,86,157




HEX= fdc40a RGB= 253, 196, 10




HEX= 90c039 RGB= 144, 192, 57



HEX= e04506 RGB= 224, 69, 6




HEX= a3aaab RGB= 163, 170, 171







Seltjarnarnes 8
Nauthólsvík 4



Seltjarnarnes 8
Nauthólsvík 4



Seltjarnarnes 8
Nauthólsvík 4




Seltjarnarnes 8
Nauthólsvík 4



Seltjarnarnes 8
Nauthólsvík 4



Seltjarnarnes 8
Nauthólsvík 4



Seltjarnarnes 8
Nauthólsvík 4